

## AUGLÝSING

### á deiliskipulagi í Sveitarfélaginu Árborg.

*Deiliskipulag Gesthúsasvæðis við Rauðholt á Selfossi.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarráð Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 20. janúar 2005 tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir ferðaþjónustusvæði Gesthúsa í Rauðholti á Selfossi.

Tillagan var sett fram í mkv. 1:1000/1:2000 þann 11. október 2004 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 24. nóvember til og með 22. desember 2004 með athugasemdafresti til og með 5. janúar 2005.

Engar athugasemdir bárust við auglýsingunni.

Uppdráttur og greinargerð tillögunnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Selfossi, 24. janúar 2005.*

**Grétar Zóphaníasson**, fulltrúi á skipulags- og byggingardeild.